

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ:

*Deiliskipulag Flata, Smáraflöt 44.*

Breytingin varðar lóð nr. 44 við Smáraflöt og gerir ráð fyrir baðhýsi sem er 5,3 m<sup>2</sup> að grunnfleti en 2,7 m að hæð. Þar sem hæð hýsisins er 90 sm yfir leyfilegri hæð smáhýsis samkvæmt viðmiðun byggingarfulltrúa og nær lóðamörkum en 3 m gerir tillagan ráð fyrir hringlaga byggingarreit sem er 2,6 m að þvermáli. Sá hluti lóðar sem hýsið stendur á er afgirtur með skjólveggjum sem eru 2,1 m að hæð.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi

*Garðabæ, 18. maí 2010.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.